

## Rafræn ferilbók

Upplýsingar og tenglar um Rafræna ferilbók

<https://island.is/s/midstod-menntunar-og-skolathjonustu/rafraen-ferilbok>

Kynningarmyndbönd um rafræna ferilbók

<https://mms.is/rafraen-ferilbok-kynningarmyndbond>

Fræðsla um rafræna ferilbók

<https://nemastofa.is/nam-og-fraedsla/>

## Leiðbeiningar fyrir meistara

Fyrsta sem meistari þarf að gera til að hefja vinnu í rafrænni ferilbók er að skrá sig í Birtingarskrá

<https://ferilbok-vinnustadir.inna.is/>

Þar þarf að skrá sig inn með íslykli fyrirtækisins og setja inn upplýsingar um meistara, meistarabréf og fyrirtæki.

[https://mms.is/sites/mms.is/files/birtingarskra\\_1\\_6\\_7pr.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/birtingarskra_1_6_7pr.pdf)

Ef meistari eða fyrirtæki lendir í vandræðum með að skrá sig í birtingarskrá er hægt að hafa samband við nemastofu (nemastofa(hja)nemastofa.is) til að fá aðstoð.

## Leiðbeiningar fyrir nema


Þegar meistari/fyrirtæki hefur skráð sig í birtingarskrá getur nemi haft samband við skólann sem nemi er/var í. Það er skólinn sem útbýr aðgang fyrir nema að rafrænni ferilbók. Eftir það getur skólinn tengt nema og meistara saman þannig mögulegt sé að fara að vinna í rafrænni ferilbók.

## Rafræn ferilbók

Hægt er að skoða hvað verkþættir eru í rafrænni ferilbók hér

<https://ferilbok-vinnustadir.inna.is/utgafur>

### 1. Smella á Menntamálastofnun



### 2. Neðarlega í listanum er rafræn ferilbók fyrir rafvirkja. Smelltu á stækkunarglerið fyrir framan útgáfu 2

#### Rafvirki



Útgáfa: 2



Útgáfa: 1

### 3. Hér er hægt að sjá þær hæfnikröfur sem nemi á að vera búin að ná eftir að vinnustaðarnámi líkur

Hæfnikröfur

Verkflokkar



Rafvirki

Útgáfa 2

#### Starfalysing

Rafvirki starfar við uppsetningu, viðhald, viðgerðir og eftirlit með raftækjum, rafkerfum og rafbúnaði til vinnslu og dreifingar á raforku. Hann vinnur á verkstæðum, í nýbyggingum, farartækjum á sjó og landi, heild-og raftækjaverslunum, orkufyrirtækjum, iðnfyrirtækjum og iðjuverum. Rafvirki setur upp og hefur eftirlit með rafliögnum og rafbúnaði í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla í byggingum, skipum og bátum. Hann hefur sérhæfða þekkingu á raflagnateikningum og getur magntekið og unnið verkáætlanir eftir þeim. Rafvirki notar viðeigandi mælitæki við störf sín og framkvæmir bilanaleit og viðgerðir á rafbúnaði. Hann þekkir vel til mismunandi raflagnaefnis og til hvers konar raftækja, rafvéla, iðntölvustýringa, stýribúnaðar og forritanlegra raflagnakerfa. Rafvirki býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og getur leiðbeint öðrum.

#### Hæfnikröfur starfs

- 1.1. Tjáir sig af öryggi, munnlega og skriflega, s.s. með verkdagbókum, vinnuseðlum og skýrslum. (3)
- 1.2. Sýnir fagmennsku og siðferðisvitund og starfar í samræmi við siðareglur greinarinnar og vinnustaðarins. (10)
- 1.3. Þekkir skipulag og uppbyggingu fyrirtækja og stofnana rafbúnaðarmanna og gerir grein fyrir hlutverki þeirra. (3)
- 1.4. Tryggir öryggi og viðhefur viðeigandi varnarráðstafanir í rafbúnaði og þekkir eftirlitsstofnanir og hlutverk þeirra vegna eftirlits og öryggismála. (18)
- 1.5. Leiðbeinir öðrum, sýnir leikni í samstarfi og samskiptum við samstarfsfólk og tekur fullt tillit til þarfa viðskiptavina og aðstæðna. (3)
- 1.6. Setur upp og hefur eftirlit með rafliögnum og rafbúnaði í byggingum, skipum, bátum og raforkudreifikerfum, í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla. (32)
- 1.7. Þekkir búnað raftækja, rafvéla, iðntölvustýringa, stýribúnaðar og forritanlegra raflagnakerfa og getur annast uppsetningu þeirra og viðhald. (17)
- 1.8. Vinnur sjálfstætt, metur eigin getu og forgangsráðar viðfangsefnum, greinir hvaða aðferðir eiga við hverju sinni og rökstyður þær aðferðir sem hann notar. (8)
- 1.9. Annast viðhald rafvéla og raftækja ásamt nýlögnum og rekstri rafkerfa í farartækjum á sjó og landi. (13)
- 1.10. Notar viðeigandi mælitæki við störf sín og framkvæmir bilanaleit og viðgerðir á rafbúnaði og rafliögnum. (3)
- 1.11. Hefur grunnþekkingu á vélbúnaði og hugbúnaði tölvakerfa og þekkir helstu hugtök er varða lýsingartækni og getur ákvarðað lýsingarþörf við mismunandi aðstæður (7)
- 1.12. Les raflagnateikningar vegna uppsetningar, bilanaleitar og viðhalds rafbúnaðar. Útskýrir virkni búnaðarins út frá teikningunum og magntekur og vinnur verkáætlanir eftir þeim (25)
- 1.13. Ber ábyrgð á eigin starfsþróun, er fær um að tileinka sér nýjungar og hagnýta þá þekkingu í starfi. (4)

4. Verkflokkar er síðan það sem meistarinn og neminn þurfa að fara yfir til að klára vinnustaðarnámið. Þarna getur nemi sett inn myndir eða skýringar ef hann er mikið að vinna sjálfstætt og til að sýna þekkingu á verkefninu. Þegar nemi telur sig vera búin að ná hæfni í verkflokki þá getur meistarinn skoðað yfir gögn eða rætt við nemann sinn áður en hann síðan merkir við að verkflokki sé lokið. Þetta er gert með rafrænum skilríkjum. Mögulegt er að skoða hvað fellur undir hvern verkflokk með að smella á hvernig verkflokk fyrir sig.

Hæfnikröfur	Verkflokkar
	Rafvirki Útgáfa 2
1. Móttaka nema	>
2. Öryggismál og umgengni	>
3. Hreyflar-rofar	>
4. Ídráttur	>
5. Ljósabúnaður	>
6. Röralagnir og dósir	>
7. Rafmagnsskápar	>
8. Tengingar	>
9. Smáspennutengingar	>
10. Strengjalagnir	>
11. Stýringar	>
12. Úttekt og yfirferð á raflögnum og búnaði	>